



Sólvallagötu 6a 230 Keflavík  
 Sími: 420 1450 Fax: 420 1459  
 Netfang: [mylla@myllubakkaskoli.is](mailto:mylla@myllubakkaskoli.is)

*Myllan*

*FRÉTTABRÉF*

*3. tbl. 26. árgangur nóvember 2010*

**Í þessari Myllu**

<b>Mylluviðsjón</b>
<b>Samverustund á sal</b>
<b>Ástundun</b>
<b>Klippimyndir</b>
<b>Fjáröflun hjá 10. bekk</b>
<b>Jólabingó</b>
<b>Rithöfundur í heimsókn</b>
<b>Jólaball</b>
<b>Aðventustund á sal</b>
<b>Jólasaga</b>
<b>Jólamatur</b>
<b>Litlu jól</b>
<b>PBS Óskir</b>
<b>Nemendaráð</b>
<b>Frá stjórn FFM</b>
<b>Foreldrafélag Myllubakkaskóla</b>
<b>Skólaráð</b>
<b>Skólabyrjun á nýju ári</b>

**Mylluviðsjón**

Mylluviðsjón var haldin fimmtudaginn 18. nóvember og var þátttaka góð. Keppendur stóðu sig allir mjög vel og eiga hrós skilið.

Sigurvegarnar yngri keppenda voru:

- 1. sæti Herdís Birta Sölvadóttir, 2. sæti Katrín Georgsdóttir og í 3. sæti Elvar Sigurðsson.

Sigurvegarnar eldri keppenda voru:

- 1. sæti Ásdís Rán Kristjánsdóttir, 2. sæti Andrea Una Ferreira og í 3. sæti Alexandra Bergmann Bjarnadóttir.



**Samverustund á sal**



Dagur íslenskrar tungu var 16. nóvember s.l. Þá fóru nemendur á sal og sýndu hvert öðru atriði.


## Ástundun nemenda

Í haust tókum við upp þá nýjung að senda forráðamönnum tölvupóst á mánudagsmorgnum með yfirliti yfir mætingar nemenda í 6.-10. bekk vikuna á undan. Við viljum biðja forráðamenn að fylgjast vel með mætingum og bregðast við ef eitthvað hefur misfarist í skráningum. Þeir sem ekki hafa fengið þessar sendingar eru beðnir að hafa samband við skrifstofu skólans og gefa upp rétt netfang. Við minnum á að í grunnskóla er skylda að mæta í allar kennslustundir. Það er á ábyrgð forráðamanna að tryggja að nemendur mæti.



## Klippimyndir

Á haustdögum tóku nemendur 7. og 8. bekkja í myndmennt þátt í Klippimyndasamkeppni Erro en keppnin var haldin á vegum Listasafns Reykjavíkur í Hafnarhúsinu. Hver skóli mátti senda inn fimm myndir en alls bárust 92 myndir í keppnina. Veitt voru verðlaun fyrir eina mynd en 30 myndir voru valdar á sýningu í sýningarsal listasafnsins í tengslum við sýningu Erro sem stendur til 9. janúar 2011. Tvær stúlkur úr Myllubakkaskóla eiga myndir á sýningunni en það eru Telma Rut Gunnarsdóttir 7. JJ og Aníta Lind Róbertsdóttir 8. UG.



## Jólamerkispjöld og jólalukka



Nemendur 10. bekkja eru að selja merkispjöld og jólalukku. Merkispjöldin eru með leirfigúrum og ilmandi sætabrauðsdrengjum og kosta 150 krónur stykkið. Jólalukkan er happdrætti og fimm veglegar matarkörfur eru í verðlaun. Einn miði kostar 300 krónur en tveir eru á 500. Körfurnar eru hlaðnar úmsu gómsætu jólagóðgæti. Fimmtánda desember verður dregið í lukkunni og þá verður hringt í þá heppnu en nöfn vinningshafanna birtast síðan á heimasíðu skólans. Salan er liður í að afla tekna til að fara í yndislega vorferð í lok síðasta bekkjar grunnskólans.

Tíundu bekkingar óska öllum gleðilegra jóla og farsæls komandi árs og þakka allan þann stuðning sem þeir hafa fengið á undanförunum árum.

## Jólabingó

Miðvikudaginn 8. desember

1. - 5. bekkur kl. 17:00 - 18:30

6. - 10. bekkur kl. 19:00 - 20:30

Jólabingóin fara fram á sal skólans

og kostar spjaldið 100 kr.

Það væri gaman að sjá sem flesta foreldra mæta með börnunum.

## Rithöfundur í heimsókn

Bryndís Jóna Magnúsdóttir rithöfundur ætlar að koma miðvikudaginn 15. desember og lesa fyrir nemendur í 8. - 10. bekk upp úr nýjustu bók sinni, Stelpurokk.



## Jólaball



Sameiginlegt jólaball grunnskólanna verður um miðjan desember. Jólaball fyrir 5. - 7. bekk verður þriðjudaginn 14. desember í Fjörheimum. Jólaball fyrir 8. - 10. bekk verður miðvikudaginn 15. desember í Stapanum. Nánari upplýsingar verða á heimasíðu skólans þegar nær dregur.

## Aðventustund á sal

Aðventustund á sal verður fimmtudaginn 9. desember. Þá koma stigin saman og sýna hvert öðru skemmtiatriði. Það hefur skapast sú hefð að nemendur í 6. bekk sýni helgileik. Það er ósk okkar að nemendur og starfsfólk eigi saman notalega aðventustund. Foreldrar eru hjartanlega velkomnir.

## Jólasaga

Fimmtudaginn 16. desember kl. 8:20 ætla Sandra Lind Þrastardóttir úr 10. bekk, að lesa jólasögu fyrir yngstu nemendur skólans.



## Jólamatur

Jólamatur verður í hádeginu fimmtudaginn 16. desember. Boðið veður upp á jólahangikjöt með öllu tilheyrandi. Þeir sem ekki eru í áskrift geta keypt jólamatin á 350 kr. en það þarf að ganga frá því í síðasta lagi föstudaginn 10. desember.



## Litlu jól



Litlu jólin verða föstudaginn 17. desember og það er jafnframt síðasti skóladagur ársins. Nemendur mæta í skólann kl. 9:00. Hátiðin hefst í heimastofum nemenda þar sem jólaguðspjallið og jólasaga eru lesin, farið er í leiki, skipst á pökkum o.fl. Nemendur fá síðan heitt kakó og piparkökur í heimastofum.

1., 3., 5., 7. og 9. bekkur fara í salinn kl. 10:00 og dansa í kringum jólatréð í 30 mínútur og fara svo aftur í stofur til kl. 11:00. 2., 4., 6., 8. og 10. bekkur fara í salinn kl. 10:30 og dansa kringum jólatréð. Hátiðinni lýkur kl. 11:00.

## PBS Óskir

Í nóvember bættust tveir nýir fulltrúar í hóp þeirra sem leiða PBS starfið í skólanum. Í þessu óska-teymi eru samtals 10 einstaklingar úr ýmsum geirum skólans og foreldrahópnum. Við fögnum komu Berglindar Óskar Sigurðardóttur fulltrúa Foreldrafélagsins og Margrétar Óskar Einarsdóttur fulltrúa miðstigsins í hópinn.

## Nemendaráð

Nemendaráð skólans er skipað 14 nemendum úr 6. - 10. bekk. Formaður nemendaráðs er Ásta María Jónasdóttir 10. JS og varaformaður er Hera Ketilsdóttir 10. AV.



## Stjórn Foreldrafélags Myllubakkaskóla



### Foreldrafélag Myllubakkaskóla.

Það sem af er vetri hafa verið haldnir 4 fundir hjá stjórn FFM.

**Stjórn og foreldrasamvinna:** Eitt af markmiðum stjórnar er að styðja við störf bekkjarfulltrúa. Stjórnin hefur nú haft samband við bekkjarfulltrúa í hverjum árgangi þar sem þeir eru hvattir til að koma á samveru foreldra og barna. Þann 30. september var fundur með bekkjarfulltrúum og verður annar slíkur fundur á næstu önn.

**Endurskinsvesti:** Í október voru endurskinsvesti afhent nemendum 1. bekkjar. Nú eiga allir nemendur í 1., 2. og 3. bekk að eiga endurskinsvesti og hvetjum við foreldrar til að minna börn sín á þau.

**Fatamarkaður:** Stjórnin þakkar öllum þeim sem gáfu fatnað á fatamarkað skólans. Einnig var ánægjulegt að sjá hve margir komu og gerðu góð kaup.

**Leikrit:** Nemendur í elstu bekkjunum gafst kostur á að sjá forvarnaleikritið "Hvað ef..." Leitað var til stjórnar um að borga rútukostnað og var ánægjulegt að geta orðið við því.

**Mylluvisión:** Í sömu viku og Mylluvisión var haldið, var einnig athafnavika út um allan heim. Þess má geta að stjórn tilnefndi Mylluvisión sem atburð til að nýta hæfileika sína í þeirri viku. Þökkum við starfsfólki skólans fyrir góðan undirbúning og frábæra stund.

**FFGIR:** Á vegum FFGIR hafa verið haldnir 2 viðburðir. Sá fyrri var Málþing með yfirskriftinni „Námsárangur barna-hvað geta foreldrar gert?“ og sá seinni var fyrirlestur Nönnu Kristínar Christiansen, með yfirskriftinni „Skóli og skólaforeldar“.

**Peysur og húfur:** Nú í nóvember, gafst foreldrum kostur á að kaupa svartar hettupeysur og húfur. Húfan er með merki skólans og peysan með merki og nafni skólans. Stjórnin vill þakka nemendum í 8. og 9. bekk fyrir val á letrinu. Á næstu önn, mun stjórnin bjóða peysur og húfur til sölu aftur. Peysa kostar 3000 kr. og húfa 720 kr.

**Jólafondur:** Stjórnin þakkar öllum þeim sem mættu í jólafondrið. Að lokum viljum við minna á upplýsingar FFM á heimssíðu skólans. Stjórn FFM.



Starfsfólk Myllubakkaskóla  
óskar nemendum og foreldrum gleðilegra  
jóna og farsældar á nýju ári.

## Foreldrafélag Myllubakkaskóla

### Skólaráð

Í skólaráði Myllubakkaskóla eru:

Hrafnhildur Ólafsdóttir, foreldri  
Júlíus Friðriksson, foreldri  
Grazyna Wróblewska, foreldri  
Ingólfur H. Matthíasson, kennari  
Svana A. Daðadóttir, kennari  
Stefán Jónsson, húsvörður  
Stefán Már Sigurðsson, nemandi  
Ingibjörg Jenný Jóhannsdóttir, nemandi  
Guðrún Snorradóttir, skólastjóri



Linda Birgisdóttir, formaður  
Berglind Ósk Sigurðardóttir  
Guðrún Benediktsdóttir  
Gunnar Ellert Geirsson  
Guðrún Heiða Guðmundsdóttir  
Jóhanna Árnadóttir  
Laufey Vilmundardóttir,  
Þórður Þorbjörnsson

Skóli hefst aftur samkvæmt stundaskrá  
þriðjudaginn 4. janúar 2011.